

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulagi Arnarness.

Breytingin varðar lóð nr. 29 við Súlunes og felur í sér að heimilt verður að hafa tvær sjálfstæðar íbúðir í íbúðarhúsinu, Súlunes 29a og 29b, en samkvæmt ákvæðum í afsölum lóða í Arnarnesi sem gilt hafa sem skipulagsskilmálar er kveðið á um að einungis megi reisa einbýlishús á lóðunum. Gert er ráð fyrir einni bílageymslu á hvora íbúð og tveimur bílastæðum á lóð fyrir hvora íbúð.

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulaginu Arnarnesland – Akrar.

Breytingin varðar lóð nr. 7 við Stórakur og felur í sér að neðri hæð hússins er stærri en sú efri en skv. deiliskipulagsskilmálum skal neðri hæð hússins ekki vera stærri en 70% af efri hæð. Enn fremur gerir tillagan ráð fyrir opnu bílskýli en skilmálar kveða á um það að bílageymsla skuli vera innbyggð.

Breyting á deiliskipulagi Bæjargils.

Breytingin varðar lóð nr. 3 við Bæjargil og felur í sér að mörk fyrir bílageymslu breytast þar sem gert er ráð fyrir bílskúr við norðurmörk lóðar sem er utan við byggingarreit samkvæmt mæliblaði.

Breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, 1. áfanga.

Breytingin nær til lóðarinnar að Dýjagötu 1 og felur í sér að lögum byggingarreits breytist og er hann stækkaður til austurs um 2,65 m² og útskotsreitur minnkar um 2,65 m².

Breyting á deiliskipulagi Hraunsholts eystra.

Breytingin varðar lóðina að Hraunsholtsvegi 3 og felur í sér að byggingarreitur stækkar í samræmi við tillögu að einbýlishúsi og bílastæði verða færð vestast í lóðina.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 22. júlí 2008.

F.h. skipulagsstjóra,

Gunnar Einarsson bæjarstjóri.